



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Þriðjudagur, 18. desember 2007

Ákvörðun nr. 68/2007

Brot Eignarhaldsfélagsins Sævarhöfða ehf. á tilkynningarskyldu um samruna.

I.

Málavextir og málsatvik

Með bréfi, dagsettu þann 27. september 2007, vakti Samkeppniseftirlitið athygli á því með vísan til fréttar um að Eignarhaldsfélagið Sævarhöfði ehf. (hér eftir Sævarhöfði) hefði keypt allt hlutafé í Bifreiðum og landbúnaðarvélum hf. (hér eftir B&L), að um samruna gæti verið að ræða sem tilkynningarskyldur væri samkvæmt 17. gr. samkeppnislaga.¹ Samkeppniseftirlitið lagði fyrir Sævarhöfða að tilkynna til eftirlitsins um þennan samruna, eftir því sem við ætti og á þann hátt sem reglur gerðu ráð fyrir. Var og tekið fram að samkvæmt 37. gr. samkeppnislaga leggi Samkeppniseftirlitið sektir á fyrirtæki sem brjóti gegn tilkynningarskyldu þessari.

Svar barst Samkeppniseftirlitinu með tölvupósti frá Sigurði G. Guðjónssyni hrl., f.h. Sunds ehf., móðurfélags Sævarhöfða, dags. 28. september sl. Kemur þar fram að Sundi ehf. væri kunnugt um tilkynningarskyldu sína. Jafnframt sagði:

„Samningar þeir sem gerðir hafa verið og Samkeppniseftirlitinu var greint frá hafa enn ekki verið efndir þar sem öll skilyrði þeirra eru ekki komin fram. Von okkar var að Sund fengi í dag síðast[a] formlega samþykkið frá eigendum umboða þeirra sem B&L hefur fyrir því að halda umboðinu. En slíkar skriflegar staðfestingar frá Ford, Rover, BMW, Huyndai og Renault er[u] skilyrði þess að kaupverðið verði greitt og hlutafé afhent.“

Þá var og tekið fram að unnið væri að gerð tilkynningar sem hægt væri að senda þegar kaupin væru fullnuð.

Þann 8. október 2007 barst Samkeppniseftirlitinu bréf þar sem eftirlitinu var tilkynnt um kaup Sævarhöfða á öllu útstandandi hlutafé í B&L. Bréfinu fylgdi samrunaskrá sem tekur mið af viðauka í reglum Samkeppniseftirlitsins um tilkynningu samruna nr. 881/2005. Bréfinu fylgdi einnig m.a. kaupsamningur sem undirritaður var þann 18. júlí 2007. Að mati Samkeppniseftirlitsins felur umræddur kaupsamningur um kaup Sævarhöfða á B&L í sér samruna í skilningi 4.

¹ Sjá www.vb.is. Frétt um þessi viðskipti birtust einnig í Morgunblaðinu 1. ágúst 2007.



og 17. gr. samkeppnislaga og fellur samruninn undir samrunaefirlit 17. gr. laganna, þar sem veltuskilyrði ákvæðisins eru uppfyllt.

Með bréfi Samkeppniseftirlitsins, dags. 25. október sl., kom fram að eftirlitið gæti ekki fallist á þann skilning sem lagður væri í tilkynningarskyldu samruna sem fram komi í tölvupósti Sigurðar G. Guðjónssonar hrl., dags. 28. september sl. Var jafnframt tilkynnt að stofnunin myndi kanna hvort ástæða væri til þess að leggja sektir á Sævarhöfða vegna brota á tilkynningarskyldu skv. 3. mgr. 17. gr. samkeppnislaga. Veitti Samkeppniseftirlitið Sævarhöfða frest til 6. nóvember sl. til þess að koma að athugasemdum vegna hugsanlegra sekta.

Þann 29. október sl. barst Samkeppniseftirlitinu athugasemdir samrunaaðila. Í bréfinu er ítrekaður sá skilningur samrunaaðila að þar sem kaupsamningur Sævarhöfða við B&L hafi verið háður samþykki tiltekinna utanaðkomandi aðila hafi endanlegum samningi ekki verið lokið og félögin því ekki runnið saman í skilningi 7. tl. 1. mgr. 4. gr. samkeppnislaga. Auk þess kom fram að ekki væri séð hvaða tilgangi það þjóni að tilkynna til samkeppnisyfirvalda kaup sem ekki kynni að verða úr og að ekki væru skilyrði til að leggja á félagið stjórnvaldssekt.

II.

Niðurstaða

Í 3. mgr. 17. gr. samkeppnislaga er skýrt tekið fram undir hvaða kringumstæðum tilkynna skuli samruna til Samkeppniseftirlitsins. Þar segir:

„Tilkynna skal Samkeppniseftirlitinu um samruna sem fellur undir 1. mgr. eigi síðar en einni viku eftir að samningi um hann er lokið eða tilkynnt er opinberlega um yfirtökuboð eða að tiltekinn aðili hafi náð yfirráðum í fyrirtæki. Frestur hefst þegar eitt af þessu hefur gerst.“

Í máli þessu liggur fyrir að kaupsamningur var undirritaður þann 18. júlí 2007. Þá liggur einnig fyrir að greint var opinberlega frá samrunanum þann 31. júlí 2007. Í tölvupósti Sigurðar G. Guðjónssonar hrl., f.h. Sunds ehf., móðurfélags Sævarhöfða, dags. 28. september 2007, kemur fram að Sundi ehf. væri kunnugt um tilkynningarskyldu sína en þar sem öll skilyrði samningsins væru ekki komin fram væru samningar ekki efndir og kaupverð því ekki greitt. Enn fremur segir að samrunatilkynning yrði aðeins send þegar kaupin yrðu fullnuð í framangreindum skilningi. Af þessu virðist mega ráða að ástæðan fyrir því að umræddur samruni hafi ekki verið tilkynntur fyrr væri sú að kaupsamningur vegna kaupanna hafi ekki verið efndur vegna ákveðinna skilyrða sem ekki voru komin fram.

Að mati Samkeppniseftirlitsins er ljóst að tilkynningarskylda vegna samrunans stofnaðist þegar kaupsamningur var undirritaður þann 18. júlí sl. Tilkynningarskylda þessi er óháð skilyrðum í kaupsamningi um samþykki tiltekinna aðila eða stofnana eða skilyrðum varðandi áreiðanleikakönnun (e. due diligence).²

² Sjá t.d. ákvörðun framkvæmdastjórnar EB í máli nr. IV/M.023 ICI/Tioxide.



Eins og að framan er rakið sinnti Sævarhöfði ekki tilkynningarskyldu sinni innan löglegra fresta skv. samkeppnislögum þar sem samrunatilkynning barst eigi fyrr en 8. október sl. Telst félagið því hafa brotið gegn skyldu 17. gr. samkeppnislaga.

Samkvæmt 2. gr. laga nr. 57/2007 sem varð að 37. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005 og tók gildi 27. mars 2007 skal Samkeppniseftirlitið leggja stjórnvaldssektir á fyrirtæki sem brjóta gegn tilkynningarskyldu skv. 3. mgr. 17. gr. samkeppnislaga.

Í ummælum greinargerðar um ákvæðið segir meðal annars:

„Þá er lagt til að Samkeppniseftirlitið leggi á stjórnvaldssektir hafi fyrirtæki eða samtök fyrirtækja brotið gegn ákvörðunum eftirlitsins á grundvelli 14., 15., 16. og 17. gr. Nokkuð hefur borið á því í framkvæmd að fyrirtæki hafi skirrst við að tilkynna um samruna, þrátt fyrir skýra skyldu þar að lútandi í 17. gr. laganna. Þá hefur einnig borið á í framkvæmd að skylda til að veita upplýsingar og afhenda gögn skv. 19. gr. laganna sé ekki virt í hvívetna. Því er lagt til að Samkeppniseftirlitið skuli leggja stjórnvaldssektir á þau fyrirtæki sem brjóta gegn þeim ákvæðum laganna.“

Við mat á sektum skal meðal annars hafa til hliðsjónar eðli og umfang brota, hvað brot hafa staðið lengi og hvort um ítrekað brot er að ræða. Samkvæmt framansögðu þar Sævarhöfða að tilkynna umræddan samruna í síðasta lagi þann 25. júlí sl., þ.e. innan viku eftir að kaupsamningur var undirritaður þann 18. júlí sl. Samrunatilkynning barst eigi fyrr en 8. október sl. eða tæpum þremur mánuðum eftir að tilkynningarskyldan hófst. Þær skýringar sem félagið gefur fyrir þeim drætti sem varð á tilkynningu samrunans eiga ekki við rök að styðjast að mati Samkeppniseftirlitsins.

Með hliðsjón af því sem að framan er rakið og atvikum öllum telur Samkeppniseftirlitið að hóflega ákvörðuð sekt sé 1.500.000 krónur.

Ákvörðunarorð:

„Vegna brots Sævarhöfða ehf. á 17. gr. samkeppnislaga skal félagið greiða 1.500.000 krónur í sekt með vísan til heimildar í 37. gr. samkeppnislaga. Sektina skal greiða innan mánaðar frá ákvörðun þessari.“

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson



Kaflaheiti

